



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSLEIKARNIR Í SHANGHAI AFL TIL BREYTINGA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í gær, föstudaginn 10. nóvember, ræðu á ráðstefnu um heimsleika Special Olympics en þeir verða haldnir í Shanghai í októbermánuði árið 2007. Ráðstefnan var haldin í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York og voru meðal þátttakenda ýmsir æðstu embættismenn Sameinuðu þjóðanna, fulltrúar kínverskra stjórnvalda, sendiherrar erlendra ríkja og forystusveit Special Olympics. Samtökin eru helguð íþróttastarfi fólks sem býr við andlega fötlun en þátttakendur í starfi þeirra eru frá um 180 löndum. Rúmlega tvær milljónir íþróttamanna taka nú þátt í starfi samtakanna.

Á ráðstefnunni var ríkjandi sú skoðun að heimsleikarnir í Shanghai yrðu áhrifaríkt afl til breytinga á heimsvísu og gætu haft víðtæk áhrif á viðhorf þjóða til einstaklinga sem búa við andlega fötlun. Mikilvægt væri að tryggja að þeir einstaklingar og fjölskyldur þeirra hefðu aðgang að íþróttum og annarri þjónustu til jafns við aðra.

Greinilegt er að kínversk stjórnvöld leggja mikinn metnað í undirbúning heimsleikanna og er hann m.a. í höndum sömu aðila og vinna að undirbúningi Olympíuleikanna í Beijing árið 2008. Nú er um hálf milljón íþróttamanna virk í starfi Special Olympics í Kína en stjórnvöld stefna að því að tvöfalda þá tölu á næstu sex árum.

Í ræðu sinni vakti forseti Íslands athygli á því að með veglegum undirbúningi heimsleika í þágu andlega fatlaðs fólks væru kínversk stjórnvöld að senda sterk skilaboð um framtíðarstefnu, ekki aðeins í Kína heldur einnig á heimsvísu. Yfirlýsingar forseta Kína, Hu Jintao, gæfu m.a. til

kynna að leikarnir yrðu grundvöllur félagslegra umbóta og aukinna réttinda þessa fjölmenna hóps í landinu.

Ræða forseta fylgir fréttatilkynningunni og hægt er að nálgast myndir frá ráðstefnunni á heimasíðu embættisins.

11. nóvember 2006

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).